


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Handlæknishjúkrun 403 (hjú 403)	
	Námsáætlun Haustönn 2015	

Kennari	María Albína Tryggvadóttir	Sk.st.	MAL.
----------------	-----------------------------------	---------------	-------------

Netfang kennara: maria@vma.is

Undanfari: HJÚ203, LOL203, SJÚ103

Áfangalýsing: Í áfanganum er fjallað um hjúkrun sjúklinga fyrir og eftir skurðaðgerðir. Fjallað er um hjúkrun sjúklinga eftir slys. Gerð er grein fyrir ástandi sem getur leitt til missis líkamshluta og fjallað er um breytta líkamsímynd. Farið er í helstu rannsóknir sem gerðar eru á sjúklingum fyrir og eftir skurðaðgerðir. Fjallað er um mismunandi undirbúning sjúklinga fyrir rannsóknir og skurðaðgerðir.

Meginmarkmið: er að nemandi öðlist þekkingu á hjúkrun sjúklinga sem gangast undir skurðaðgerðir. Einnig að nemandi þekki síbreytilegar hjúkrunarþarfir sem tengjast heilsubresti og breyttri líkamsímynd eftir skurðaðgerðir.


Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að

- þekkja helstu tegundir skurðaðgerða
- skilja og virða ólíka upplifun á því að gangast undir skurðaðgerð
- þekkja og geta útskýrt algengustu rannsóknir sem gerðar eru fyrir aðgerð
- þekkja og geta útskýrt helstu atriði í undirbúningi sjúklinga fyrir aðgerðir
- geta gert grein fyrir helstu athugunum á sjúklingi eftir aðgerðir
- geta útskýrt muninn á deyfingu og svæfingu
- geta útskýrt mikilvægi nákvæmrar skráningar í hjúkrun eftir aðgerðir
- geta útskýrt ólík viðbrögð einstaklinga við bráðri innlögn á sjúkrahús
- geta talið upp einkenni losts
- þekkja forsendur vökvagjafa í æð og geta útskýrt mikilvægi réttrar umgengni við æðaleggi
- þekkja einkenni aukaverkana við blóðgjafir og viti hvernig skal bregðast við þeim
- þekkja sogtæki og geta útskýrt í hverju notkun þeirra felst
- þekkja forsendur sondugjafar
- þekkja helstu gerðir stóma og algengustu orsakir þess að einstaklingur fær stóma
- geta meðhöndlað hjálpartæki stómaþega
- geta útskýrt muninn á slagæða-og bláæðasárum, skurðsárum og áverkasárum og útskýrt algengustu meðferðir við sáragræðingu
- þekkja mismunandi umgengnisreglur við sjúklinga sem hafa hrein eða sýkt sár
- þekkja algengustu gerðir sáraumbúða og geta umgengist sóttþreinsaðar sáraumbúðir rétt
- þekkja einkenni og orsakir bráðra verkja og algengustu bjargráð
- þekkja helstu gervilimi og -líffæri
- geta gert grein fyrir viðhorfum sínum til líffæraígræðslu og líffæragjafa

Námsgögn: Upplýsingar hjá kennara

Verkefni: Skilaverkefni auk verkefna í kennslutíma. Nánari upplýsingar á önninni.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Handlæknishjúkrun 403 (hjú 403)	Námsáætlun Haustönn 2015

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Lokapróf í annarlok. Lágmarkseinkunn 4 til að aðrir matsþættir gildi.	60%
Hlutapróf	Hlutapróf tekið strax fyrir eða eftir verknám. Ef nemandi mætir ekki í hlutapróf færist vægi prófsins yfir á lokapróf.	10%
Verkefni	2 Skrifleg skilaverkefni	10%
Skapandi verkefni	Unnið verður með viðfangsefni hjúkrunar og gefið svigrúm um útfærslu í samráði við kennara.	10%
Kynning	Nemendur vinna saman í þorum/hóp og kynna efni fyrir samnemendum.	10%

Nemendum ber að ljúka öllum námsþáttum.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
34.-37. vika	Innlögn á sjúkrahús, undirbúningur og rannsóknir (blóðrannsóknir, myndgreiningar og speglanir). Meðferð við verkjum, æðaleggir og fylgikvillar skurðaðgerða. Gerviliðir. Svæfingar og deyfingar.	Hlutapróf/Verkefni
38.-40. vika	Nemar í verklegu námi (14.09.15- 02.10.15).	
41.-43. vika	Skurðaðgerðir, blóðgjöf, kerar, sog, Sár og sármeðferð. Umbúðir, sýkingar, smitgát.	Hlutapróf/Verkefni
44.-46. vika	Blæðingar og lost. Gervilimir, gervibrjóst, draugaverkir og líkamsímynd. Stóma og sondunæring.	Skapandi verkefni Verkefni
48.-49. vika	Höfuðáverkar, slys, líffæragjafir og líffæraígræðsla. Upprifjun f. próf.	Kynning

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á yfirferð námsefnis.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils